

Nd.

36. Frumvarp til laga

[34. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

- a. Aftan við lið h í 43. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
 - i. Tannlækningar samlagsmanna, barna og fósturbarna, sbr. 40. gr., allt að 20 ára aldri.
- b. Í stað orðanna „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu mgr. komi: svo og greiðslu fyrir allar tannlækningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp flutti ég á síðasta þingi þá fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frá upphafi almannatrygginga á Íslandi hefur það verið hugmynd forustumanna um tryggingamál, að nauðsynlegar tannlækningar skyldu greiddar af sjúkrasamlögum. Um skeið var í lögum heimilt að greiða kostnað við tannlækningar þeirra, sem eru innan 18 ára, en sú heimild var ekki notuð. Var ákvæði þetta numið úr lögum og í stað þess sett almenn heimild til handa sjúkrasamlögum til að greiða tannlækningar, en sú heimild hefur ekki heldur verið notuð, að talizt geti.

Ekki er þörf á að færa rök að nauðsyn þess, að sjúkrasamlög greiði kostnað við tannlækningar eins og aðrar lækningar. Er raunar sérstök ástæða til þess, þar eð mörgum hættir til að draga um of að leita tannlækni sökum kostnaðar.

Mikill áhugi hefur verið á því að fella tannlækningar undir tryggingakerfið, en fjárhagsástæður hafa verið aðalástæða þess, að það hefur ekki verið gert. Oft hafa verið flutt um þetta mál frumvörp á Alþingi, m. a. af Alfreð Gíslasyni lækni og síðast af Einari Ágústssyni, núverandi hæstv. utanríkisráðherra.

Málið er nú tekið upp enn einu sinni. Enda þótt Alþýðuflokkurinn hafi mikinn áhuga á að koma öllum tannlækningum, sem telja má heilsufarslega nauðsyn, undir tryggingakerfið, er nú aðeins gerð tillaga um, að slíkar tryggingar nái til allra undir 20 ára aldri. Þessi leið er valin í þeirri von, að unnt reynist að koma málinu fram í áföngum. Alþingi samþykkti fyrir 25 árum, að tryggingar skyldu greiða tannlækningar til 18 ára aldurs, en tryggingakerfið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að framkvæma þá ákvörðun. Nú er þjóðin stórum auðugri en þá og hefur vafalaust góð ráð á að stuðla að bættri tannheilsu ungmenna, sem þau geta búið að alla ævi, ef vel tekst. Spyrja mætti, hvort þjóðin hafi ráð á að gera þetta ekki.

Ekki er lagt til, að breytt verði ákvæðum um samninga sjúkrasamlaga við lækna o. fl., þar eð telja má, að orðið „lækna“ geti einnig átt við tannlækna.